



RÍKISENDURSKOÐUN

Ársskýrsla 2005

Ríkisendurskoðun

Ársskýrsla 2005



Febrúar 2006

Ársskýrsla 2005

© Ríkisendurskoðun 2006

Umsjón: Þórir Óskarsson

Ljósmyndir: Birgir Sigurðsson, bls. 4, 6, 8, 20 og 30;

Geir Gunnlaugsson, bls. 18; Þórir Óskarsson, forsíða,
baksíða, bls. 11, 14, 16 og 22.

Prentun: Prentsmiðjan Viðey ehf.

Efnisyfirlit

FORMÁLI RÍKISENDURSKOÐANDA	5
HLUTVERK OG MARKMIÐ	7
STARFSEMIN ÁRIÐ 2005	9
FJÁRHAGSENDURSKOÐUN.....	10
INNRA EFTIRLIT.....	10
STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN.....	11
ENDURSKOÐUN UPPLÝSINGAKERFA.....	12
LAGA- OG UMHVERFISSVIÐ.....	13
STARFSFÓLK.....	13
FJÁRHAGUR OG ÚTGJÖLD.....	13
ALPJÓÐLEG SAMSKIPTI.....	14
ÞJÓNUSTUHLUTVERK RÍKISENDURSKOÐUNAR	17
VINNUBRÖGÐ Í STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN	19
ÁHÆTTUSTJÓRNUN OG INNRA EFTIRLIT	21
PRÓUN UMHVERFISENDURSKOÐUNAR	23
KENNTÖLUR UM UMSVIF OG ÁRANGUR	25
ÞJÓNUSTA STOFNUNARINNAR	25
INNRI VERKFERLAR.....	27
STARFSMENN OG PRÓUN.....	28
FJÁRMÁL.....	30
STARFSFÓLK 31. DESEMBER 2005	31
OPINBERAR SKÝRSLUR ÁRIÐ 2005	32
SKÝRSLUR.....	32
ÖNNUR RIT.....	32
ÁRSREIKNINGUR 2005	33



Formáli ríkisendurskoðanda

SIGURÐUR ÞÓRÐARSON

Á síðustu tveimur áratugum hafa stjórnvöld unnið að því að innleiða nýjar stjórnunar- aðferðir við rekstur ríkisins. Þar má nefna svonefnda árangursstjórnunarsamninga milli ráðuneyta og stofnana þar sem kveðið er á um markmiðssetningu, þjónustustig og fjármál og gert ráð fyrir að aðilar komi sér saman um kerfi til að mæla árangur. Ráðherrar hafa einnig fengið heimildir til að semja við aðila bæði innan og utan ríkiskerfisins um einstök rekstrarverkefni til lengri tíma til að bæta þjónustu og skilvirkni.

Könnun Ríkisendurskoðunar á því hvernig gengið hefur að taka upp nýjar stjórnunar- aðferðir innan ríkiskerfisins sýnir að gerðir hafa verið árangursstjórnunarsamningar við flestar stofnanir. Enn skortir þó töluvert á að tekist hafi að innleiða slíka samninga sem hluta af stjórnkerfi stofnananna og ná mörgum þeirra markmiða sem árangursmælikvarðar gera ráð fyrir. Oft skortir líka mælanleg viðmið.

Ein meginskýring þess að ekki hefur tekist sem skyldi að innleiða nýja stjórnunarhætti er sú að hingað til hefur einungis lítill hópur stjórnenda hjá opinberum stofnunum tileinkað sér stefnumiðuð vinnubrögð. Stjórnámálamenn þurfa einnig að koma fram á völlinn og hafa forustu um innleiðingu nýrri vinnubragða. Víða í þeim löndum sem við berum okkur saman við setja stjórnámálamenn bæði stefnu og mælanleg markmið í einstökum málaflokkum og fylgjast síðan grannt með framgangi mála með árangursmælingu.

Ekki er síður mikilvægt að virkja starfsmenn ríkisins til að ná fram árangri með breyttum stjórnunarháttum og nýta þá miklu þekkingu og reynslu sem þeir hafa til þessa. Að lokum skiptir einnig máli að það fólk sem innleiðir breytingar og veitir þjónustuna komi með ábendingar um þá þætti sem bæta má í árangursstjórnunarkerfinu.

Eitt af meginviðfangsefnum Ríkisendurskoðunar er að vekja athygli stjórnvalda á því sem betur má fara í opinberri þjónustu og hvernig auka má hagkvæmni, skilvirkni og árangur. Þetta er gert með því að sýna hvernig þjónusta er veitt og hvernig hægt er að gera enn betur. Viðfangsefnin eru þá jafnan metin út frá sjónarmiðum skattgreiðenda og þeirra sem nota þjónustuna.

Á undanförnum árum hefur Ríkisendurskoðun hugað að ýmsum málaflokkum sem hafa verið til umræðu á vettvangi stjórnmalanna og lagt fram ýmsar upplýsingar um þá. Í því sambandi má nefna sjúkra- og öldrunarþjónustu og framhalds- og háskólastigið. Í þessum úttektum hefur verið lagt mat á þjónustustig, gæði og tilkostnað og bent á þætti sem standa til bóta. Til að meta stöðu mála hefur ekki einungis verið hugað að sambærilegri innlendri starfsemi heldur líka leitað eftir samanburði við erlenda aðila sem veita sams konar þjónustu. Þessar upplýsingar hafa tvímælalaust fengið sess í hinni opinberu umræðu og komið að notum við stefnumörkun.

Í ársskýrslum Ríkisendurskoðunar á liðnum árum hefur verið gerð grein fyrir skilvirkni og gæðum í störfum stofnunarinnar með því að sýna helstu kennitölur í því sambandi.

Stofnunin hefur á undanförunum árum þróað öflugt upplýsingakerfi til að mæla afköst starfsmanna og kostnað einstakra verkefna og leitast við að stýra þessu í samræmi við markmið stofnunarinnar. Þessar upplýsingar hafa einnig verið notaðar til samanburðar við áætlun og fyrri ár. Síðustu tvö árin hafa afköst fjárhagsendurskoðunar minnkað ef miðað er við áritun ársreikninga, m.a. vegna fækkunar vinnustunda, erfiðleika við úrvinnslu úr fjárhagskerfi ríkisins og minni skilvirkni. Sama gildir um stjórnsýsluendurskoðun. Stofnunin áætlað að auka skilvirkni starfseminnar árið 2006 þannig að sá samdráttur sem verið hefur tvö síðustu ár sé að baki.

Einn af mælikvörðum stofnunarinnar við að meta starfsemina er áhugi almennings á opinberum skýrslum hennar. Ef horft er til þess hversu oft skýrslur voru opnaðar á heimasíðu stofnunarinnar á árunum 2002–2005 kemur fram að árið 2005 voru þær opnaðar tæplega 22 þúsund sinnum í samanburði við 9 þúsund á árinu 2002. Þetta sýnir að áhugi almennings á störfum Ríkisendurskoðunar hefur aukist verulega.

Heildargjöld ársins 2005 námu 375 m.kr. samanborið við 339 m.kr. árið 2004. Þetta þýðir um 10,6% hækkun. Sértekjur námu tæpum 34 m.kr. sem er um 3 m.kr. lækkun frá árinu á undan. Engu að síður skilaði Ríkisendurskoðun 18 m.kr. tekjuafgangi árið 2005 og styrkti þannig fjárhagsstöðu sína enn frekar frá árinu 2002–2003 þegar halli varð á rekstrinum. Frá árinu 1987 hefur Ríkisendurskoðun aðeins tvisvar sinnum sýnt gjöld umfram fjárheimild. Í lok árs 2005 sýndi höfuðstóll tæplega 20 m.kr. afgang sem er 5,5% af heimildum ársins 2005.



Hlutverk og markmið

RÍKISENDURSKOÐUN ER ÓHÁÐ STOFNUN sem starfar á vegum Alþingis samkvæmt lögum nr. 86/1997. Hún sinnir tveimur meginverkefnum: Fjárhagsendurskoðun og stjórnsýsluendurskoðun.


Ríkisendurskoðun er annars vegar ætlað að votta að reikningskil ríkisins gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningskilavenju, athuga innra eftirlit stofnana og fyrirtækja ríkisins og meta hvort það tryggir viðunandi árangur. Hins vegar skal hún kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, þ.e. hvort stofnanir og fyrirtæki gæti hagkvæmni og skilvirkni í rekstri sínum og fylgi gildandi lagafyrirmælum í því sambandi. Að auki veitir stofnunin bæði þingnefndum Alþingis og ríkisstofnunum ýmiss konar ráðgjöf og leiðbeiningar, m.a. við gerð fjárlaga.

Í lögum um Ríkisendurskoðun er skýrt tekið fram að hún sé engum háð í störfum sínum og að starfsfólk hennar skuli í einu og öllu vera óháð þeim ráðuneytum og stofnunum sem það vinnur að endurskoðun hjá. Ríkisendurskoðun ákveður einnig hvar og hvenær endurskoðað er. Forsætisnefnd Alþingis getur þó að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál sem falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunar en stofnunin ákveður þá hvernig að gerð þeirra er staðið. Forsætisnefnd Alþingis ræður einnig forstöðumann stofnunarinnar, ríkisendurskoðanda, til sex ára í senn. Hann ræður hins vegar annað starfsfólk.

Samkvæmt lögum getur Ríkisendurskoðun krafist reikningskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þá er henni heimill aðgangur að og skoðun á frumgögnum eða skýrslum sem færðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu til að sannreyna efni reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs. Að auki er henni heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé.

Ríkisendurskoðun gerir grein fyrir flestum verkefnum sínum í skýrslum eða álitgerðum. Þær eru jafnan sendar þeim aðilum sem eru endurskoðaðir og þeim ráðuneytum sem hafa með mál þeirra að gera. Sumar skýrslur eru einnig gerðar opinberar og sendar Alþingi. Þetta á einkum við um stjórnsýsluúttektir og árlega skýrslu stofnunarinnar um endurskoðun ríkisreiknings. Eftir að Ríkisendurskoðun hefur sent frá sér skýrslu lýkur yfirleitt afskiptum hennar af því máli sem er til umfjöllunar. Í sumum tilvikum fylgist stofnunin þó með því hvernig sá aðili sem er til endurskoðunar bregst við athugasemdum hennar. Slíkt kann að leiða til nýrrar úttektar.

Stór hluti af endurskoðunarstörfum Ríkisendurskoðunar er bundinn lögum. Að öðru leyti ákveður stofnunin og skipuleggur verkefni sín út frá eigin mati á mikilvægi og áhættu. Líkt og aðrar ríkisendurskoðanir er meginmarkmið hennar að stuðla að skynsamlegri nýtingu ríkisfjármuna. Í störfum sínum tekur stofnunin bæði mið af íslenskum lögum og alþjóðlega viðurkenndum endurskoðunarstöðlum sem tryggja eiga traust vinnubrögð við endurskoðun opinberra aðila. Auk þess hefur hún sett starfsfólki sínu siðareglur sem m.a. byggja á siðareglum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana, INTOSAI. Meðal lykilhugtaka þessara reglna eru: Trúverðugleiki, óhæði, trúnaður og fagmennska.




Starfsemin árið 2005

ÁRSVERKUM RÍKISENDURSKOÐUNAR fjölgaði um rúmlega eitt frá 2004 til 2005. Að venju var mestum tíma varið í fjárhagsendurskoðun. Afrakstur stofnunarinnar varð heldur minni en árið 2004 en fjárhagsstaða hennar styrktist aftur á móti verulega.

Á árinu 2005 skilaði starfsfólk Ríkisendurskoðunar samtals 73.992 virkum vinnustundum við störf sem tengjast endurskoðun miðað við 71.856 tíma árið 2004. Slíkum vinnustundum fjölgaði því um 2.136 (3%) milli ára sem jafngildir rúmu ársverki. Að auki keypti stofnunin þjónustu frá 11 endurskoðunarstofum sem svarar til 3.722 vinnustunda samanborið við 3.780 tíma árið 2004. Enn vantar nokkuð upp á að Ríkisendurskoðun nái að skila jafnmörgum virkum vinnustundum og árið 2003 (76.444) þegar afrakstur stofnunarinnar varð meiri en nokkru sinni fyrr.

Eins og endranær var mestum tíma stofnunarinnar árið 2005 varið til fjárhagsendurskoðunar eða 56,9% allra virkra vinnustunda. Um 16,8% vinnustunda fór til stjórnsýsluendurskoðunar, 9% til endurskoðunar upplýsingakerfa, 7,5% til verkefna á laga- og umhverfissviði, 4,5% til innra eftirlits og 5,3% til yfirstjórnar og annarra verkefna. Mesta breyting frá fyrra ári fólst í því að hlutur stjórnsýsluendurskoðunar minnkaði úr 21% en hlutur fjárhagsendurskoðunar og endurskoðunar upplýsingakerfa jókst á móti. Miðað við aðrar norrænar ríkisendurskoðanir utan þá færeysku er hlutfall fjárhagsendurskoðunar fremur hátt hér á landi, enda gefur Ríkisendurskoðun út endurskoðaða ársreikninga fyrir nær allar stofnanir ríkisins. Í öðrum löndum láta sambærilegar endurskoðunarstofnanir sér yfirleitt nægja ákveðið úrtak. Þar er hlutur stjórnsýsluendurskoðunar því oftast meiri en hér á landi.

Hlutfallsleg skipting vinnustunda eftir ráðuneytum



Árið 2005 varði Ríkisendurskoðun um 56.500 tímum í að endurskoða einstök ráðuneyti og stofnanir þeirra. Þetta er jafnmikill tími og árið 2004 en um 3.500 stundum minna en árið 2003. Mestur tími fór í að endurskoða fjárlagaliði sem heyra undir fjármálaráðuneytið (19,6%), menntamálaráðuneytið (18,3%), heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (14,1%)

og dómsmálaráðuneytið (13,8%). Að venju varð örlítill tilfærsla milli ráðuneyta frá undangengnu ári. Í þetta sinn fjölgaði hlutfallslega mest þeim tímum sem notaðir voru til að endurskoða fjárlagaliði sem heyra undir ráðuneyti dómsmála og félagsmála. Þeim tímum sem fóru í að endurskoða fjárlagaliði sem heyra undir ráðuneyti fjármála, menntamála, landbúnaðarmála, samgöngumála og utanríkismála fækkaði aftur á móti.

Fjárhagsendurskoðun

Á árinu 2005 fjölgaði virkum tímum stofnunarinnar við fjárhagsendurskoðun lítillega frá árinu 2004 eða sem samsvarar hálfu ársverki. Í heild varð þó um 5,5% minni afrakstur af þessu sviði en árið áður. Alls áritaði stofnunin 344 ársreikninga og samdi 238 endurskoðunarskýrslur miðað við 357 ársreikninga og 259 endurskoðunarskýrslur árið 2004. Ljóst er að innleiðing nýs fjárhagskerfis ríkisins setti talsvert strik í reikninginn að þessu sinni og olli því að endurskoðun stofnana tók að jafnaði lengri tíma en áður. Búist er við að úr þessu rætist á árinu 2006. Einkum er ráðgert að fjölga talsvert endurskoðunarskýrslum. Þá er einnig stefnt að því að ljúka áritun reikningsskila fyrr á árinu en verið hefur til þessa svo að þau nýtist stofnunum sem best. Forsenda þess er þó að stofnanir loki bókhaldi sínu fyrr en þær hafa gert.

Auk þess að votta að reikningsskil stofnana gefi glögga mynd af rekstri og efnahag þeirra og séu í samræmi við góða reikningsskilavenju er Ríkisendurskoðun ætlað að kanna hvernig þær ráðstafa þeim fjárheimildum sem Alþingi veitir þeim í fjárlögum, umsvifum þeirra og árangri. Heildarafrakstur þessarar vinnu Ríkisendurskoðunar árið 2005 birtist gleggst í skýrslu stofnunarinnar *Endurskoðun ríkisreiknings 2004*. Þar birtist einnig niðurstaðan í árvissri könnun Ríkisendurskoðunar á nokkrum völdum þáttum í rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins. Markmið þessara kannana er að auka aðhald í ríkisrekstri, bæta umhirðu með eignum og fjármunum hins opinbera og efla innra eftirlit stofnana. Að þessu sinni var hugað að eftirfarandi fjórum atriðum: Húsnæðismálum stofnana, heimanotkun starfsmanna á tölvubúnaði, tilhögun símamála og aðkeyptri þjónustu vegna upplýsingamála. Þessi atriði voru skoðuð hjá um 240 stofnunum og ætti úttektin því að gefa allglögga mynd af raunverulegri stöðu þessara mála hjá þeim.

Innra eftirlit

Auk þess að kanna fjárhagslegt innra eftirlit stofnana og fyrirtækja við fjárhagsendurskoðun hefur Ríkisendurskoðun lagt áherslu á að kynna stjórnendum þeirra hvað felist í innra eftirliti sem og helstu áhættuþætti í opinberum rekstri. Meðal þess sem sérstaklega hefur verið bent á að undanfögnu er áhættan sem felst í því ef stofnun eða fyrirtæki ríkisins nær ekki markmiðum sínum, ekki síst þjónustumarkmiðum við almenning og atvinnurekstur.

Úttektir Ríkisendurskoðunar á innra eftirliti hafa leitt í ljós að margar stofnanir hafa gripið til aðgerða vegna viðkvæmra verkþátta í eigin starfsemi. Þær hafa þó almennt ekki skilgreint þá áhættuþætti sem þær standa frammi fyrir eða gert formlegt áhættumat. Þessi skortur á áhættugreiningu, formlegu áhættumati og ákvörðunum um aðgerðir getur valdið tjóni og hindrað að stofnanir nái markmiðum sínum.

Í tengslum við innra eftirlit lauk Ríkisendurskoðun við tvær viðamiklar skýrslur á árinu, annars vegar um Landsvirkjun og hins vegar um Landmælingar Íslands. Að auki voru 4 skýrslur af þessum toga í vinnslu um áramótin 2005–2006 og lauk vinnu við tvær þeirra strax í janúar 2006. Þá tóku starfsmenn innra eftirlits þátt í samningu tveggja annarra opinberra skýrslna Ríkisendurskoðunar, um framkvæmd fjárlaga og Íbúðalánasjóð. Líkt og skýrslur stofnunarinnar um fjárhagsendurskoðun eru skýrslur um innra eftirlit aldrei gerðar opinberar enda varða þær oft viðkvæm innri mál stofnana og fyrirtækja.



Stjórnsýsluendurskoðun

Virkum vinnustundum við stjórnsýsluendurskoðun fækkaði um 13,5% milli 2004 og 2005 og samsvarar það tæpu ársverki. Meðal annars af þessum sökum fækkaði stjórnsýsluúttektum stofnunarinnar um eina, úr sex í fimm. Að venju spanna þessar úttektir býsna vítt svið. Í þremur þeirra er fjallað um einstakar stofnanir ríkisins: Háskóla Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahús og Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi. Í öðrum tveimur er gerð grein fyrir tilteknum málefnum: Þjónustu við aldraða og kaup ráðuneyta og ríkisstofnana á sérfræðiþjónustu.

Með stjórnsýsluúttektum sínum leitast Ríkisendurskoðun einkum við að leggja mat á hagkvæmni rekstrar, skilvirkni og árangur og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt. Hluti úttektanna er saminn að beiðni forsætisnefndar Alþingis, einstakra ráðuneyta eða ríkisstofnana en hluti að frumkvæði stofnunarinnar sjálfar þar sem m.a. er tekið mið af mikilvægi viðfangsefna, kostnaði og áhættu. Stofnunin hefur á undanförunum árum lagt aukna áherslu á að treysta þessar úttektir sínar með ýmiss konar samanburði, bæði innlendum og erlendum. Skýrslurnar veita því ekki aðeins sértækar upplýsingar um tilteknar stofnanir heldur einnig um stöðu þeirra innan þess málaflokks sem þær tilheyra eða jafnvel um stöðu tiltekins málaflokks í heild sinni. Glögg dæmi um skrif af þessum toga eru skýrslurnar um Háskóla Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahús og þjónustu við aldraða.

Árið 2005 tók Ríkisendurskoðun upp á þeirri nýbreytni að kanna með beinum hætti álit valins hóps lesenda utan stofnunarinnar á gæðum stjórnsýsluúttekta hennar, styrk þeirra og veikleika. Gerðar voru tvær slíkar kannanir vegna skýrslanna *Háskóli Íslands* og *Þjónusta við aldraða* og var óskað eftir mati lesenda á 8 efnislegum og formlegum atriðum sem stofnunin hefur sérstaklega í huga við skýrslugerð. Svörunum var varpað yfir á einkunnarskalann 0-10 og síðan reiknuð út meðaleinkunn sem reyndist 7,7 fyrir fyrrnefndu skýrsluna og 7,4 fyrir hina síðarnefndu. Að mati Ríkisendurskoðunar er þetta ásættanleg niðurstaða en um leið hvatning til að gera enn betur. Sérstaka ánægju vakti að mikill meirihluti lesenda taldi skýrslurnar aðgengilegar og röklega upp byggðar og skrifaðar á góðu og skiljanlegu máli. Viðleitni stofnunarinnar á undanförunum árum til að bæta þessa þætti og koma til móts við almenna lesendur hefur því augljóslega borið árangur.

Á síðari hluta árs 2005 voru gerðar vissar skipulagsbreytingar innan stjórnsýsludeildar Ríkisendurskoðunar þegar hluti verkefna hennar var færður undir skrifstofu ríkisendurskoðanda. Þessar breytingar miða annars vegar að því að auka skilvirkni deildarinnar með því að afmarka verkefni betur en gert hefur verið og leggja aukna áherslu á forkannanir þeirra og teymisvinnu. Með þessu móti er þess vænst að hægt verði að ljúka verkefnum á styttri tíma en hingað til og koma þannig enn betur til móts við þarfir þeirra sem notfæra sér skýrslurnar. Hins vegar verður leitast við að bæta vinnubrögð við skýrslugerð og þá bæði tekið mið af þeim aðferðum sem breska ríkisendurskoðunin hefur þróað á undanförunum árum og athugasemdum sem komu fram í áðurnefndum viðhorfskönnunum Ríkisendurskoðunar árið 2005 vegna tveggja stjórnsýsluúttekta hennar.

Endurskoðun upplýsingakerfa

Vinnustundum við endurskoðun upplýsingakerfa fjölgaði verulega frá árinu 2004 til 2005 eða úr 3.502 tímum í 6.657. Auk þess að sinna endurskoðun upplýsingakerfa unnu starfsmenn sviðsins að könnun tölvutengdra þátta í ýmsum endurskoðunarverkefnum á öðrum sviðum stofnunarinnar. Þá fór töluverð vinna í að aðstoða starfsfólk fjárhagsendurskoðunar við tölvumál vegna upptöku á nýju fjárhagskerfi Fjársýslunnar árið 2005, en oft reyndist erfitt að kalla fram upplýsingar á því formi sem hentaði þörfum þess. Einnig sá sviðið um innri tölvumál Ríkisendurskoðunar að öðru leyti.

Úttektir sem gerðar voru á sviði endurskoðunar upplýsingakerfa á árinu 2005 voru eingöngu sendar þeim stofnunum sem voru til endurskoðunar og viðkomandi fagráðuneyti. Í þessum úttektum er iðulega fjallað um viðkvæm innri mál stofnana, m.a. öryggi tölvukerfa, sem Ríkisendurskoðun telur óvarlegt að gera grein fyrir opinberlega svo að vitneskja um veikleika þeirra komist ekki á annarra vitorð áður en búið er að bæta úr honum.

Laga- og umhverfissvið

Starfsemi laga- og umhverfissviðs var með svipuðu móti árið 2005 og undanfarin ár. Auk þess að hafa eftirlit með sjóðum og stofnunum sem starfa samkvæmt skipulagsskrá felst drjúgur hluti verkefna þess í ráðgjöf og samningu greinargerða um margvísleg álitamál sem varða stjórnsýslu ríkisins. Tvær af opinberum skýrslum stofnunarinnar á árinu 2005 voru þannig samdar að hluta eða í heild innan þessa sviðs. Þær fjölluðu annars vegar um hæfi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra til þess að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins og hins vegar um Íbúðalánasjóð. Innan þessa sviðs var einnig unnið að nokkrum verkefnum á sviði umhverfisendurskoðunar, þar sem m.a. er hugað að ýmsum skyldum, markmiðum, áætlunum og aðgerðum sem hafa eða geta haft áhrif á umhverfið. Gerð var grein fyrir einu þeirra í opinberri skýrslu í byrjun árs 2006: *Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni. Umhverfisendurskoðun.*

Starfsfólk

Hinn 31. desember 2005 voru fastráðnir starfsmenn Ríkisendurskoðunar alls 49, þ.e. jafnmargir og árið áður. Auk þeirra störfuðu nokkrir hluta af árinu. Unnin ársverk urðu einu fleira en árið 2004, þ.e. rúm 49. Fimm starfsmenn létu af störfum árið 2005 og jafnmargir voru ráðnir í stað þeirra. Starfsmannavelta var því um 10,2%.

Af fastráðnu starfsfólki stofnunarinnar voru karlmenn 28 (57%) og konur 21 (43%). Þetta er svipað hlutfall og tvö undanfarin ár. Ef eingöngu er horft til stjórnenda og sérfræðinga voru karlar 63% en konur 37%. Meðalaldur starfsfólks var 47,8 ár og meðalstarfsaldur 10,8 ár. Alls höfðu 83,7% starfsmanna a.m.k. þriggja ára starfsreynslu hjá stofnuninni.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að ráða velmenntað starfsfólk og hefur hlutfall þeirra sem lokið hafa háskólaprófi verið um eða yfir 80% síðustu ár. Langflestir hafa viðskiptafræðimenntun eða 31. Þá starfa 3 stjórn mála- eða stjórnsýslufræðingar við stofnunina, 2 lögfræðingar, 1 hagfræðingur, 1 B.Sc. í tölvunarfræði og 1 íslenskufræðingur. Við stofnunina starfa nú 7 löggiltir endurskoðendur, 1 með faggildingu í endurskoðun upplýsingakerfa (CISA) og 1 með faggildingu í innri endurskoðun (CIA).

Fjárhagur og útgjöld

Fjárheimildir Ríkisendurskoðunar í fjárlögum og fjáráukalögum ársins 2005 námu alls 360 m.kr. og hækkuðu um 41 m.kr. eða 12,9% frá árinu á undan. Heildargjöld ársins að frádregnum sértekjum voru hins vegar rúmlega 342 m.kr. og hækkuðu um 40 m.kr. eða 13,2% frá árinu 2004. Rekstur stofnunarinnar varð því 18 m.kr. innan fjárheimilda ársins.

Eins og samandreginn rekstrarreikningur sýnir nam launakostnaður um 85,4% af gjöldum stofnunarinnar án sértekna og jókst hann um 32 m.kr. (12,5%) milli ára. Rekstrar- og stofnkostnaður jókst hins vegar um 4 m.kr. (5%). Stærsti einstaki liður sem telst til rekstrar-kostnaðar er aðkeypt sérfræðiþjónusta 11 endurskoðunarstofa fyrir um 30 m.kr. Sértekjur urðu 3 m.kr. (8,1%) minni en árið 2004.

Samkvæmt verkþókhaldi skiptist kostnaður einstakra starfssviða Ríkisendurskoðunar svo: Rekstur endurskoðunar sviða I–III kostaði 193 m.kr., þ.e. 56,4% af gjöldum stofnunarinnar, rekstur stjórnsýslusviðs, upplýsingasviðs og innra eftirlits kostaði 101,5 m.kr. (29,7%), rekstur laga- og umhverfissviðs 25,5 m.kr. (7,5%) og rekstur yfirstjórnar 22 m.kr. (6,4%). Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Heildarkostnaður á hvert stöðugildi varð 7,0 m.kr. miðað við 6,6 m.kr. á árinu 2004 og hækkaði því um rúm 9%.

Rekstrarreikningur í m.kr.	Ár		Frávik	
Rekstrarliðir	2005	2004	Fjárhæð	%
Laun	292	259	33	12,7
Annar rekstrarkostnaður	81	80	1	1,3
Stofnkostnaður	3	0	3	-
Samtals gjöld	376	339	37	10,9
Sértekjur	34	37	-3	-8,1
Gjöld að fráteknum tekjum	342	302	40	13,2
Ríkisframlag	360	319	41	12,9
Tekjuafgangur (halli)	18	17	1	5,9

Alþjóðleg samskipti

Líkt og undanfarin ár tók Ríkisendurskoðun þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi árið 2005 en þó í minna mæli en árið 2004. Hluti þessa starfs tengdist verkefnum stofnunarinnar við að endurskoða Evrópusamtök ríkisendurskoðana EUROSAI. Að auki sóttu fulltrúar Ríkisendurskoðunar ráðstefnur og fundi ýmissa alþjóðasamtaka sem stofnunin er aðili að. Þar má m.a. nefna sjötta ársþing EUROSAI í Bonn í Þýskalandi, ársfund umhverfisnefndar INTOSAI í Moskvu og fund í Endurskoðunarráði EFTA. Af heimsóknum til Íslands ber hæst komu aðstoðarríkisendurskoðanda Kína, Hr. Ling Huan, og þriggja kínverskra svæðisstjóra.

Á ársþingi EUROSAI var Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi kjörinn í átta manna stjórn samtakanna til næstu sex ára. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingur tekur sæti í þessari stjórn en Sigurður hefur undanfarin ár verið endurskoðandi samtakanna ásamt ríkisendurskoðanda Belgíu. Á þinginu var jafnframt ákveðið að næsti stjórnarfundur EUROSAI yrði haldinn á Íslandi haustið 2006.

Meðal annarra alþjóðlegra samskipta má nefna að norrænir ríkisendurskoðendur héldu árlegan fund í Vega í Noregi og sóttir voru nokkrir norrænir vinnufundir, m.a. um fjárhagsendurskoðun, upplýsingamiðlun og kennitölur í starfsemi stofnananna. Um síðustu áramót lét Bjarne Mørk-Eidem ríkisendurskoðandi Noregs til margra ára af störfum. Bjarne var um skeið tíður gestur hér á landi vegna starfa sinna að norrænum málefnum sem voru honum sérstaklega hugleikin. Auk þess tók hann m.a. virkan þátt í störfum INTOSAI og EUROSAI og sat á tímabili í stjórnnum þessara samtaka. Á þessum tímamótum þakkar Ríkisendurskoðun honum einstaklega ánægjuleg samskipti og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Ekki fer milli mála að alþjóðleg samskipti eru Ríkisendurskoðun afar mikilvæg til að kynnast þeim aðferðum og vinnubrögðum við endurskoðun sem talin eru henta best hverju sinni og bera sig saman við sambærilegar stofnanir. Í því samhengi má m.a. nefna að norrænir ríkisendurskoðanir hafa nú um þriggja ára skeið unnið að því í sameiningu að þróa kennitölur um starfsemi stofnananna. Auk þessa er ljóst að hnattvæðing síðari ára og stóraukið vægi alþjóðlegra stofnana og samninga hefur knúið á um aukið alþjóðlegt samráð og samvinnu um endurskoðun.



Þjónustuhlutverk Ríkisendurskoðunar

LÁRUS ÖGMUNDSSON, SKRIFSTOFUSTJÓRI LAGA- OG UMHVERFISSVIÐS

VERKEFNUM RÍKISENDURSKOÐUNAR er lýst með almennum orðum í 1. gr. laga um stofnunina. Þar segir að hlutverk hennar felist í að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins, auk þess sem hún getur framkvæmt stjórnarsýsluendurskoðun. Loks er henni ætlað að annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Af framansögðu má ráða að lögbundið hlutverk stofnunarinnar einskorðast ekki við endurskoðun í þrengri merkingu heldur er það nokkru víðtækara. Í því efni vegur eftirlitsþátturinn þungt, jafnvel svo mjög að mörgum kann að þykja hann vera ríkjandi þáttur. Til samanburðar er fróðlegt að skoða almenna en þó lögbundna lýsingu á störfum sjálfstætt starfandi endurskoðenda í 1. mgr. 7. gr. laga um endurskoðendur nr. 18/1997. Eðli málsins samkvæmt er starf þeirra skilgreint nokkru þrengra að því er eftirlitsskyldur varðar, enda er þeim að lögum ekki falið annað eftirlit en það sem lýtur beinlínis að reikningshaldinu sem slíku og áreiðanleika þess. Endurskoðendum er þó heimilt samkvæmt ákvæðinu að veita víðtækari þjónustu en eiginlega endurskoðunarþjónustu.

Í fyrrgreindu ákvæði 7. gr. laga nr. 18/1997 er mælt svo fyrir að störf endurskoðenda felist í endurskoðun reikningsskila og annarra fjárhagsupplýsinga ásamt ráðgjöf og þjónustu á nærliggjandi sviðum, svo framarlega sem það hefur ekki áhrif á hlutlægni þeirra. Almennt mun skilgreining á hinum nærliggjandi sviðum vera nokkuð víð í skilningi laganna. Alkunna er að sjálfstætt starfandi endurskoðendur veita, auk umfangsmikillar ráðgjafar á sviði reikningsskila, ráðgjöf og þjónustu á sviði skattamála og félagaréttar, svo og um fjárhags- og rekstrarmálefni fyrirtækja og stofnana. Þeir koma einnig oft að stofnun, sameiningu, samruna og sölu fyrirtækja og sölu á hlutabréfum í fyrirtækjum. Ráðgjöf og þjónusta af þessu tagi hefur löngum verið talin eðlilegur þáttur í störfum þeirra. Stundum er sagt að helsta hlutverk sjálfstætt starfandi endurskoðenda sé að þjóna viðskiptalífínu í margbreytilegum myndum þess, hvort sem fyrirtækin eru stór eða smá, með því að skapa traust milli notenda reikningsskila og þeirra sem leggja þau fram.

Í lögum um Ríkisendurskoðun er með beinum hætti einungis mælt fyrir um þjónustuskyldu hennar gagnvart Alþingi, þ.e. hún skal vera þingnefndum til aðstoðar varðandi fjárhagsmálefni ríkisins. Að öðru leyti er ekki mælt fyrir um þjónustuhlutverk hennar. Þegar grannt er skoðað hvíla eftir sem áður á henni nokkru viðameiri skyldur. Það helgast einfaldlega af því að almenn lög um endurskoðendur gilda eftir því sem við á jafnt um störf ríkisendurskoðanda og þau sem unnin eru í umboði hans sem um aðra endurskoðendur. Þar er enginn greinarmunur gerður á því hvort endurskoðandinn þjónar opinberum eða einkaaðila. Skyldur hans eru þær sömu.

Vegna þessa er ekki óeðlilegt að þeir aðilar sem Ríkisendurskoðun ber að lögum að endurskoða leiti ef svo ber undir til stofnunarinnar um þjónustu og ráðgjöf á „nærliggjandi

sviðum“. Eðli málsins samkvæmt er hér einkum um að ræða þjónustu eða ráðgjöf á sviði ríkisfjármála almennt. Ekki má þó gleyma því að skv. 2. mgr. 6. gr. laga um stofnunina ber henni að endurskoða félög sem eru í meirihlutaeigu ríkisins. Rétt eins og önnur félög sem starfa á markaði geta þau þurft á margháttaðri þjónustu að halda á „nærliggjandi sviðum“. Því getur verið fullkomlega eðlilegt að félög sem þessi leiti til stofnunarinnar um þjónustu af þessu tagi.

Af framansögðu má ráða að störf opinberra endurskoðenda og stofnana á borð við Ríkisendurskoðun einskorðast sjaldnast við endurskoðun reikningsskila og annarra fjárhagsupplýsinga þótt meginverkefni þeirra felist í endurskoðun ársreikninga. Líkt og starfsfélagar þeirra á einkamarkaði þurfa þeir oft að sinna ýmsum öðrum verkefnum, svo sem ráðgjöf og þjónustu innan nærliggjandi fagsviða. Vegna þessa er brýnt að innan veggja stofnunarinnar starfi fólk með fjölbreytta menntun og búi yfir reynslu og þekkingu á sviði fjárhags- og rekstrarmála, hvort sem um er að ræða hefðbundinn opinberan rekstur eða rekstur sem skyldari er þeim sem algengastur er á almennum markaði.



Vinnubrögð í stjórnsýsluendurskoðun

ÓLI JÓN JÓNSSON, SKRIFSTOFUSTJÓRI STJÓRNSÝSLUSVIÐS I

EITT AF VERKEFNUM RÍKISENDURSKOÐUNAR er að athuga hversu vel ráðuneyti og stofnanir nýta almannafé. Slíkar athuganir kallast einu nafni stjórnsýsluendurskoðun og eru mikilvægur þáttur í eftirlitshlutverki stofnunarinnar.

Markmið stjórnsýsluúttekta er að meta hvort starfsemi stofnana sé hagkvæm og skilvirk og skili þeim árangri sem vænst er. Viðfangsefnin geta verið mjög fjölbreytt, allt frá því að kanna hvernig stofnun sinnir tilteknu verkefni sem henni hefur verið falið upp í það að fjalla um hvernig heilum málaflokki á vegum ríkisins er stjórnað. Margvíslegum aðferðum er beitt við matið og í því efni m.a. sótt í smiðju félagsvísinda og stjórnunarfræða. Hverri úttekt lýkur með skýrslu þar sem birtar eru niðurstöður og ábendingar um það sem hugsanlega má betur fara. Skýrslunum er ætlað að nýtast Alþingi, ráðuneytum og stofnunum við lagasetningu, stefnumótun og umbætur í stjórnun og rekstri.

Ferill stjórnsýsluúttekta er í meginatriðum þrískiptur:

- Forkönnun
- Aðalúttekt
- Skýrslugerð

Forkönnun hefur það markmið að skilgreina og afmarka úttektina, finna rétta aðferð og áætla þann tíma og mannafla sem úttektin krefst. Niðurstöður forkönnunar eru settar fram í úttektaráætlun þar sem þungamiðjan eru þær meginspurningar sem úttektinni er ætlað að svara. Aðalúttekt felst í að afla upplýsinga, greina þær og draga af þeim ályktanir sem veita svör við meginspurningum úttektar. Þá hefst skýrslugerðin sem er jafnframt lokaáfangi úttektarinnar. Drög að skýrslu fara ávallt til umsagnar hjá þeim sem úttektin snertir, stofnun eða ráðuneyti, áður en gengið er endanlega frá henni og hún birt opinberlega.

Að undanfögnu hefur Ríkisendurskoðun leitast við að bæta vinnubrögð í stjórnsýsluendurskoðun. Með skipulagsbreytingum sem tóku gildi í byrjun október 2005 var lögð aukin áhersla á forkannanir og verða þær framvegis að hluta til unnar á skrifstofu ríkisendurskoðanda. Þar eru meginlínur úttekta mótaðar en síðan annast stjórnsýslusvið frekari útfærslu og áætlanagerð. Reynt hefur verið að skilgreina úttektir á ítarlegri hátt en hingað til hefur verið gert og binda betur lausa enda sem ávallt eru margir í upphafi verks. Í því sambandi hefur m.a. verið leitað fyrirmýnda hjá bresku ríkisendurskoðuninni, National Audit Office, sem hefur þróað ákveðið verklag í stjórnsýsluendurskoðun sem þykir hafa gefið góða raun.

Auk áherslu á vandaðar forkannanir hefur verið reynt að gera skýrslugerðina markvissari en áður. Stjórnsýsluendurskoðun felur í sér að velt er upp ólíkum hliðum á því fyrirbæri sem

er til skoðunar, það kannað og greint á ýmsa lund. Við þetta safnast yfirleitt upp mikið magn upplýsinga um hvaðeina sem tengist fyrirbærinu. Þegar kemur að skýrslugerð þarf að velja úr þessu upplýsingaflóði þannig að áhersla sé lögð á aðalatriðin. Í þeirri vinnu getur verið gott fyrir þann sem sjálfur er „á kafi í flóðinu“ að fá aðstoð þess sem ekki hefur kafað jafndjúpt. Því hefur að undanfögnu verið unnið að því að breyta vinnuaðferðum þannig að fleiri en þeir sem hafa séð um úttektina komi að því að móta útlínur skýrslna í upphafi. Hefur m.a. verið efnt til sérstakra vinnufunda til þess að ræða hvernig best sé að setja fram niðurstöður úttekta þannig að efnið verði sem aðgengilegast lesendum.

Í þessu sambandi má minna á að markhópar Ríkisendurskoðunar eru ólíkir sem og eðli þeirra upplýsinga sem þeir hafa þörf fyrir. Þingmenn hafa t.d. oft áhuga á öðrum atriðum í skýrslum en stjórnendur stofnana og sérfræðingar, að ekki sé talað um fjölmiðla og almenning. Í hverju tilviki verður að finna rétta jafnvægið milli einfaldleika og nákvæmni í framsetningu upplýsinga. Fyrir getur komið að reynt sé að einfalda upplýsingar í skýrslum til þess að gera þær skiljanlegar leikmönnum. Þetta getur verið vandasamt og varast þarf ýmsar hættur. Ríkisendurskoðun telur að viðleitni af þessu tagi sé engu að síður nauðsynleg til að stofnunin fái gegnt hlutverki sínu. Á hinn bóginn er þá jafnframt reynt að gæta þess að ítarlegri upplýsingar séu hafðar með, t.d. í sérstökum viðaukum, til að skýrslur gagnist einnig stjórnendum og sérfræðingum.



Áhættustjórnun og innra eftirlit

INGI K MAGNÚSSON, CIA, SKRIFSTOFUSTJÓRI STJÓRNSÝSLUSVIÐS II

ÖLLUM REKSTRI FYLGIR ÓVISSA og því þurfa stjórnendur að ákveða við hve mikla óvissu má búa miðað við væntanlega arðsemi. Óvissunni fylgja bæði áhætta og tækifæri, þ.e. verðmæti geta eyðst eða aukist. Áhættustjórnun gerir stjórnendum kleift að fást við hana á áhrifaríkan hátt og tengja saman áhættu og tækifæri til að auka virði rekstrarins.

Áhættustjórnun hefur verið skilgreind sem tiltekið ferli sem stjórnendur og starfsmenn geta haft áhrif á. Hún byggir á stefnumörkun stofnunar eða fyrirtækis, þar sem greind eru þau atvik sem geta haft áhrif á reksturinn, og er ætlað halda áhættu innan þolmarka og veita viðunandi tryggingu fyrir því að markmið náist.

Ætlast er til að stjórnendur geri áætlanir, velji aðferðafræði og skilgreini undirmarkmið í samræmi við heildarmarkmið rekstrarins. Áhættustjórnun er einkum ætlað að ná fjórum markmiðum: Viðeigandi stefnumörkun, skilvirkum og hagkvæmum rekstri, áreiðanlegri skýrslugerð og samkvæmni við lög og reglugerðir. Stundum er bætt við fimmta flokknunum sem er varðveisla eigna.

Áhættustjórnun byggir á eftirfarandi átta þáttum sem tengjast innbyrðis og taka mið af stjórnarháttum stofnunar eða fyrirtækis og stjórnunarferlinu innan þeirra:

- **Innra umhverfi.** Það felur í sér starfsumhverfi stofnana eða fyrirtækja, siðferðileg gildi þeirra og áhættuþol. Sem slíkt er það lykilatriði þegar áhætta er metin og meðhöndluð af starfsfólki og þar með undirstaða áhættustjórnunar.
- **Markmiðssetning.** Markmið eru nauðsynleg til að stjórnendur átti sig á þeim þáttum sem geta haft áhrif á stefnu þeirra. Þessi markmið þurfa að vera í samræmi við tilgang stofnunar eða fyrirtækis og áhættuþol þeirra.
- **Greining atburða.** Ýmsir innri og ytri atburðir geta haft áhrif á möguleika stofnana eða fyrirtækja til að ná markmiðum sínum. Greina þarf milli áhættu og tækifæra sem tengjast þeim. Ný tækifæri geta haft áhrif á þær leiðir sem notaðar eru til að ná settum markmiðum.
- **Mat á áhættu.** Við greiningu á áhættu þarf að meta líkurnar á að hún verði að veruleika og hver áhrif hennar yrðu. Án þess er ekki hægt að hafa stjórn á henni. Áhætta er metin með tilliti til þess hvort hún er eðlislæg eða eftirstæð.
- **Viðbrögð við áhættu.** Bregðast þarf við áhættunni með viðeigandi hætti, þ.e. með því að útiloka hana (t.d. hætta starfsemi), samþykkja hana, draga úr henni eða dreifa henni (t.d. fjölga birgjum).
- **Eftirlitsþættir.** Marka þarf stefnu og innleiða verkferla til að tryggja að brugðist sé við áhættu með áhrifaríkum hætti.
- **Upplýsingar og samskipti.** Skilgreina þarf hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar og í hvaða formi þær skulu vera. Tryggja þarf að þær berist tímanlega svo að starfsmenn geti brugðist við í samræmi við skyldur sínar og nauðsynlegt er að þær flæði óhindrað innan stofnunar eða fyrirtækis.
- **Eftirlit.** Allt ferli áhættustjórnunar þarf að vera í sífelldri endurskoðun og gera þarf nauðsynlegar breytingar í samræmi við breyttar aðstæður.

Innra eftirlit tengist áhættustjórnun og er óaðskiljanlegur hluti þess. Það er skilgreint sem ferli sem byggir á stjórnendum og starfsmönnum og er hannað til að veita stofnunum eða fyrirtækjum viðunandi öryggi við að ná eftirfarandi markmiðum: Skilvirkum og hagkvæmum rekstri, áreiðanlegum fjárhagslegum upplýsingum og að starfsemi sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Þessi skilgreining endurspeglar nokkur grundvallaratriði innra eftirlits. Í fyrsta lagi er það stöðugt í gangi og án formlegs enda. Í öðru lagi byggir það ekki aðeins á skráðum fyrirmælum og verkferlum heldur á starfsmönnum á öllum stigum rekstrarins. Í þriðja lagi veitir það ekki algera tryggingu fyrir því að markmið náist heldur stuðlar aðeins að því. Í fjórða lagi getur það falið í sér að markmiðum sé náð á fleiri en einu sviði sem geta skarast.

Áhættustjórnun og innra eftirlit beinast þannig að sömu þremur þáttum, þ.e. starfsemi, upplýsingagjöf og samkvæmni. Áhættustjórnun nær þó yfir breiðara svið og byggir á víðtækari hugmyndafræði um áhættu. Þar er upplýsingaþátturinn líka mun víðtækari, þ.e. tekur til allra upplýsinga, jafnt fjárhagslegra sem annarra, sem verða til innan stofnunar eða fyrirtækis, hvort sem nota á þær innan stofnunar eða utan.

Áhættustjórnun felur auk þess í sér hugtökin áhættuvilja (*risk appetite*) og áhættuþol (*risk tolerance*). Áhættuvilji segir til um þá áhættu sem stjórnendur eru tilbúnir að taka til að ná settum markmiðum. Áhættuþol eru þau frávik frá ákvörðuðum áhættuvilja sem ásættanleg eru með tilliti til markmiðsins. Þegar áhættuþol er metið er horft til mikilvægi markmiðsins og áhættuviljans og sé starfsemi innan áhættuþols eykur það vissu stjórnenda fyrir því að reksturinn sé í samræmi við áhættuviljann og þar með möguleikann á að ná settum markmiðum.

Með aukinni áherslu á áhættugreiningu vikkar áhættustjórnun það verklag sem innra eftirlit notar við að meta áhættu og greinir það í fjóra flokka: markmiðssetningu, atvika-greiningu, áhættumat og áhættusvörun (*risk response*). Innan áhættustjórnunar er hugtakið áhættusafn (*risk portfolio*) einnig mikilvægt. Með innra eftirliti er athygli beint að einum áhættuþætti í einu, tengslum hans við sett markmið og möguleg úrræði til að fást við áhættuna. Í áhættustjórnun er hins vegar leitast við að horfa á heildarsamsetningu áhættuþátta, þ.e. áhættusafnið.



Þróun umhverfisendurskoðunar

KETILL SIGURJÓNSSON, LÖGFRÆÐINGUR Á LAGA- OG UMHVERFISSVIÐI

RÍKISENDURSKOÐUN hefur allt frá setningu núgildandi laga um stofnunina (nr. 86/1997) haft það hlutverk að endurskoða ýmis verkefni á sviði umhverfismála. Almennt eru þessi endurskoðunarverkefni kennd við umhverfisendurskoðun.

Umhverfisendurskoðun felst einkum í því að kanna og meta margvíslegan árangur á sviði umhverfismála, t.d. hvernig lögum eða alþjóðasamningum um umhverfismál er framfylgt og þann hag sem slíkir gjörningar hafa í för með sér. Einnig er metinn margvíslegur árangur, hagkvæmni og kostnaður, á sviði umhverfismála. Með umhverfisendurskoðun fást upplýsingar um stöðu þessa mikilvæga málaflokks sem á síðustu árum hefur fengið æ meiri athygli.

Síðustu tvö árin hefur Ríkisendurskoðun m.a. samið skýrslur á sviði umhverfisendurskoðunar á framfylgd Íslands á OSPAR-samningnum, sem snýr að verndun hafsins, og á Samningi um líffræðilega fjölbreytni, auk umhverfisendurskoðunar á Skógrækt ríkisins og landshlutabundnum skógræktarverkefnum. Nú stendur yfir umhverfisendurskoðun á Geislavörnum ríkisins og á starfsemi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisendurskoðun hefur almennt ríka sérstöðu gagnvart öðrum endurskoðunarverkefnum. Sumir þættir þessarar endurskoðunar minna þó stundum á stjórnsýsluendurskoðun og því er eðlilegt að hún taki mið af þeirri reynslu sem þar hefur fengist.

Umhverfismál eru í eðli sínu alþjóðleg og alþjóðlegt samstarf hefur verulega þýðingu fyrir umhverfisendurskoðun. Æskilegt er að vekja athygli og áhuga umhverfisnefnda sem starfa á vegum Evrópusamtaka ríkisendurskoðana (EUROSAI) og Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) á íslenskum hagsmunamálum, t.d. verndun hafsins gegn mengun og vörnum gegn óæskilegum loftslagsbreytingum af manna völdum. Á þeim vettvangi hefur verið mörkuð stefna um forgangsverkefni og varð Ísland eitt fyrsta landið til að vinna umhverfisendurskoðun á líffræðilegri fjölbreytni eftir að sá málaflokkur var settur í forgang hjá umhverfisnefnd INTOSAI. Til marks um mikinn áhuga ríkisendurskoðenda á þessari tegund endurskoðunar má nefna að af öllum nefndum INTOSAI er þátttakan mest í umhverfisnefnd INTOSAI, enda hefur starfið þar verið mjög öflugt undir forsæti kanadísku ríkisendurskoðunarinnar.

Á nýliðnu ári var samþykkt að aðildarríki INTOSAI beiti sér fyrir því að fram fari umhverfisendurskoðun á því hvernig aðildarlöndin hafa staðið sig í að fylgja eftir Kyoto-bókuninni um varnir gegn loftslagsbreytingar af mannavöldum, þ.e. að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Stefnt er að því að Ríkisendurskoðun ráðist í slíkt verkefni á næstunni.

Á Norðurlöndunum hefur verið talsverður áhugi á því að löndin eigi með sér samstarf á sviði umhverfisendurskoðunar, ekki síst með tilliti til loftslagsmála og mengunarvarna. Nú þegar er slíkt samstarf hafið milli Íslands og Noregs, þegar þessi lönd höfðu óformlega

samvinnu um umhverfisendurskoðun á OSPAR-samningnum. Í Noregi hefur einnig verið áhugi á samvinnuverkefni um umhverfisendurskoðun á fiskveiðistjórnuninni í Smugunni, sem er alþjóðlegt hafsvæði umlukið efnahagslögsögu ríkja við NA-Atlantshaf.

Sé litið til niðurstaðna vegna þeirra verkefna sem hafa verið unnin á sviði umhverfisendurskoðunar hér á landi má segja að Ísland standi sig viðunandi í umhverfismálum. Sumt er mjög vel gert en annað hefur setið á hakanum. Sem dæmi má geta þess að mengunarnir vegna íslenska hafsvæðisins eru almennt góðar, en þó skortir á að gert sé meira áttak í að sporna gegn mengun frá landstöðvum. Ef litið er til náttúrunnar (líffræðilegrar fjölbreytni) eru einnig vísbendingar um að þörf sé á miklu meiri rannsóknum til að afla nauðsynlegrar þekkingar á náttúru landsins þrátt fyrir vilja Alþingis og stjórnvalda til að umgangast hana af gætni. Slík þekking er hins vegar undirstaða ákvarðanatöku um t.d. nýtingu náttúruauðlinda.



Kennitölur um umsvif og árangur

MEÐAL LÖGBUNDINNA VERKEFNA RÍKISENDURSKOÐUNAR er að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

Kennitölur um umsvif og árangur hafa ekki aðeins upplýsingagildi heldur geta líka haft hagnýta þýðingu við stjórnun stofnana og fyrirtækja þar sem þær vitna um það hvernig þeim gengur að ná markmiðum sínum og þróa starfsemina. Ríkisendurskoðun hefur á síðustu árum fylgst skipulega með því hvernig stofnuninni tekst sjálfri að ná árangri í starfi. Í því skyni hefur hún valið nokkra árangursmælikvarða til að meta fjögur lykilsvið starfseminnar: 1) Þjónusta, 2) innri verkferla, 3) starfsmenn og þróun, 4) fjármál.

Þjónusta stofnunarinnar

RÍKISENDURSKOÐUN leitast við að veita álit og upplýsingar sem koma jafnt stjórnvöldum sem stofnunum og fyrirtækjum ríkisins að gagni við ákvarðanatöku.

Ríkisendurskoðun birtir álit sín og upplýsingar aðallega í formi skýrslna og greinargerða. Þessi skrif skiptast í meginatriðum í tvo flokka. Annars vegar eru þau sem eingöngu eru ætluð tilteknum stofnunum og þeim ráðuneytum sem þær heyra undir. Í þessum flokki er meginþorri allra skýrslna á sviði fjárhagsendurskoðunar og innra eftirlits og úttektir stofnunarinnar á upplýsingakerfum ríkisstofnana. Enn hefur ekki verið unnt að kanna álit þeirra sem nota þessar skýrslur á þeim ábendingum sem þar koma fram en að því er stefnt. Skýrslurnar hafa þó augljóslega komið ýmsu góðu til leiðar. Meðal vísbendinga um slíkt er sú staðreynd að á síðustu árum hefur fækkað mjög athugasemdum Ríkisendurskoðunar um meðferð bókhaldsgagna.

Hinn flokkinn mynda opinberar skýrslur stofnunarinnar sem greina frá úttektum á tilteknum stofnunum eða málefnum. Að meðaltali er þær 10–12 árlega. Flestar eru prentaðar í 300–500 eintökum og sendar Alþingi, ráðuneytum, stofnunum og fjölmiðlum til kynningar og umfjöllunar. Auk þess eru þær jafnan birtar á heimasíðu Ríkisendurskoðunar. Ljóst er að þessar skýrslur hafa oft vakið talsverða athygli og umræðu á opinberum vettvangi og stundum hafa þær án efa orðið hvati breytinga eða úrbóta innan stjórnsýslunnar. Það segir einnig sína sögu um mikilvægi þeirra að stofnanir, ráðuneyti og Alþingi óska í síauknum mæli eftir úttekt Ríkisendurskoðunar. Um hitt má deila hvort skýrslurnar eigi sér eðlilegan farveg á Alþingi og í nefndum þess og hvort athugasemdum og ábendingum Ríkisendurskoðunar er fylgt nógu vel eftir.

Auk áðurnefndra viðhorfskannana á gæðum opinberra skýrslna sinna hefur Ríkisendurskoðun síðustu fimm ár leitast við að mæla áhuga almennings á þeim með því að kanna hversu oft þær eru opnaðar á heimasíðu stofnunarinnar. Eftir hæga stígandi á árunum 2001 og 2002 tvöfaldaðist fjöldi opnaðra skýrslna á árinu 2003. Nokkurt bakslag kom árið 2004 en árið 2005 vitnar að nýju um aukinn áhuga á þessu efni. Sem sjá má hefur fjöldi opnaðra skýrslna aldrei verið jafnmikill og það ár.

Fjöldi opnaðra skýrslna á heimasíðu Ríkisendurskoðunar					
Ár	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Samtals
2002	1.822	1.840	2.462	2.962	9.086
2003	3.245	4.992	4.982	5.175	18.394
2004	3.275	3.422	2.944	3.015	12.656
2005	3.765	6.856	4.882	6.211	21.714

Ef litið er til þeirra 10 skýrslna sem Ríkisendurskoðun gaf út árið 2005 sést að þær voru opnaðar alls 3.689 sinnum. Að jafnaði var hver skýrsla því opnuð 369 sinnum. Þetta er talsvert oftar en árið 2004 þegar 11 skýrslur þess árs voru að meðaltali opnaðar 307 sinnum en sjaldnar en árið 2003 þegar þær 13 skýrslur sem þá voru gefnar út voru að meðaltali opnaðar 426 sinnum.

Sú skýrsla sem oftast var sótt á vef stofnunarinnar árið 2005 var *Háskóli Íslands. Stjórn-sýsluúttekt* sem opnuð var 1.047 sinnum. Athygli vekur hve margar skýrslur frá fyrri árum komust á lista þeirra sem oftast voru opnaðar. Eitt og sér gefur þetta vísbendingu um langlífi þeirra og að þær séu hafðar til hliðsjónar þegar stofnanir eða málefni ríkisins eru til athugunar.

Fimm mest lesnu skýrslur á heimasíðu Ríkisendurskoðunar				
	2004		2005	
1	Launaþróun starfsmanna (2004)	562	Háskóli Íslands (2005)	1.047
2	Framkvæmd fjárlaga	554	Framkvæmd fjárlaga (2005)	749
3	Lyfjakostnaður	461	Einkavæðing (2003)	660
4	Viðbótarlaun	433	Tollstjórinn í Rvk. (1999)	600
5	Náðist árangur? (2003)	420	Veðurstofan (2003)	428
Alls		2.430		3.484

Ríkisendurskoðun sendir jafnan frá sér fréttatilkynningu þegar ný skýrsla er birt þar sem greint er frá meginniðurstöðu hennar á einfaldan hátt. Ljóst er að þessar tilkynningar eru langvinsælasta lesefni á heimasíðu stofnunarinnar. Á síðustu árum hefur verið algengt að einstakar fréttir hafi verið opnaðar milli 700 og 800 sinnum á ári en árið 2005 meira en tvöfaldaðist aðsóknin og þrjár fréttatilkynningar voru opnaðar oftar en 1.700 sinnum. Fjölmíðlar hafa einnig notað þessar tilkynningar í ríkum mæli í fréttáflutningi sínum.

Ljóst er að Netið mun á komandi árum gegna æ mikilvægara hlutverki í þeirri viðleitni stofnana og fyrirtækja að miðla upplýsingum og þjónustu. Ríkisendurskoðun hefur leitast við að taka mið af þeirri þróun og bæta heimasíðu sína, m.a. með því að gefa notendum kost á að skrá sig á póstlista hennar og gera þeim kleift að leita í skýrslum og fréttum hennar. Þá var á árinu 2005 bætt í gagnagrunn stofnunarinnar fjölmörgum opinberum skýrslum hennar frá fyrri árum og nú er svo komið að allar skýrslur hennar frá 1988 eru aðgengilegar á vefnum.

Samkvæmt mælingum Ríkisendurskoðunar hefur umferð um vef stofnunarinnar aukist verulega undanfarin misseri. Alls voru skráð 24.770 innlit á vefinn árið 2005, þ.e. að meðaltali 2.064 innlit í mánuði. Mælingar benda til að innlitum fari stöðugt fjölgandi. Að meðaltali voru skráð 2.250 innlit á mánuði síðustu sex mánuði ársins miðað við 1.878 á

mánuði fyrstu sex mánuðina og 1.532 á mánuði á síðari hluta árs 2004. Sama þróun sést ef horft er til fjölda einstakra gesta sem heimsótt hafa vef stofnunarinnar undanfarin misseri. Í desember 2005 var birt úttektin *Hvað er spunnin í opinbera vefi?* sem unnin var fyrir forsætisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þar voru 246 vefir ríkis og sveitarfélaga metnir með tilliti til rafrænnar þjónustu, þ.e. innihalds, nytsemi og aðgengis. Vefur Ríkisendurskoðunar kom allvel út úr þessari könnun þegar horft var til innihalds og nytsemi en mun síður þegar aðgengi var metin. Af þeim sökum voru strax í lok árs gerðar nokkrar breytingar á vefnum og það lagfært sem helst stóð til bóta. Fleiri slíkar breytingar eru ráðgerðar á árinu 2006.

Innri verkferlar

RÍKISENDURSKOÐUN stefnir að skilvirkni og gæðum í störfum.

Ríkisendurskoðun leggur mikla áherslu á skilvirkni og gæði í störfum sínum. Hún reynir bæði að standa við þær áætlanir sem gerðar eru hverju sinni og að mæta þörfum þeirra sem taka ákvarðanir um rekstur stofnana og fyrirtækja ríkisins með því að ljúka skýrslum og greinargerðum það tímanlega að þær komi þeim að gagni. Á undanförunum árum hefur að jafnaði tekist að gefa út endurskoðaða ársreikninga fyrir allar stofnanir í A-hluta ríkisreiknings, auk stofnana í B-, C-, D- og E-hluta hans. Síðustu tvö ár hefur árituðum ársreikningum og endurskoðunarskýrslum þó fækkað aðeins vegna minni vinnuframlags starfsmanna og erfiðleika við úrvinnslu upplýsinga úr fjárhagskerfi ríkisins. Þessi fækkun nam 5,5% milli árána 2004 og 2005.

Fjárhagsendurskoðun	2003	2004	2005
Áritaðir ársreikningar	370	357	344
Endurskoðunarskýrslur	274	259	238
Samtals	644	616	582

Þegar horft er til annarra skýrslna Ríkisendurskoðunar, þ.e. greinargerða og úttekta á sviði stjórnsýsluendurskoðunar, innri endurskoðunar og endurskoðunar upplýsingakerfa, sést að þar var líka nokkur samdráttur árið 2005 miðað við undanfarin ár. Alls gaf stofnunin út 8 opinberar skýrslur, tveimur færri en árið 2004 en einni færri en árið 2003. Þá voru samdar 11 greinargerðir miðað við 15 árið 2004 og 17 árið 2003.

Aðrar skýrslur	2003	2004	2005
Stjórnsýsluskýrslur	9	10	8
Greinargerðir o.fl.	17	15	11
Rit	2	0	0
Samtals	28	25	19

Ríkisendurskoðun hefur m.a. mælt skilvirkni stofnunarinnar með því að athuga hve langan tíma tekur að vinna tiltekin verk. Dagsetningar áritaðra reikningsskila eru t.d. mikilvægur mælikvarði á það hvort innri verkferlar stofnunarinnar gagnast sem skyldi. Samanburður síðustu þriggja ára á þeim tíma sem tekur að vinna skýrsluna *Endurskoðun ríkisreiknings* frá því að ríkisreikningur er gefinn út sýnir að ágætlega var að verki staðið árið 2005. Stofnunin telur engu að síður mikilvægt að endurskoðun ríkisreiknings sé lokið fyrr á árinu en verið hefur undanfarin ár svo að vinnan nýtist Alþingi betur við fjárlagagerð komandi árs.

Skilvirkni við endurskoðun Ríkisreiknings

Ár	Ríkisreikningur	Endurskoðun ríkisreiknings	Dagafjöldi
2003	21.08	06.11	76
2004	30.09	19.11	50
2005	26.09	22.11	57

Starfsmenn og þróun

RÍKISENDURSKOÐUN leitast við að ráða þjálfað og hæft starfsfólk sem vill bæta og þróa vinnubrögð sín. Auk þess vill stofnunin stuðla að hvetjandi starfsanda á vinnustað.

Til að mæla mannauð stofnunarinnar er m.a. horft til eftirfarandi atriða: Fjölda vinnustunda við endurskoðun, hlutfalls starfsfólks með háskólapróf, fjölda símenntunartíma, hlutfalls starfsfólks með meira en þriggja ára starfsreynslu, meðalstarfsaldurs þess og veikindafjarvistir.

Starfsfólk Ríkisendurskoðunar skilaði heldur fleiri virkum vinnustundum árið 2005 en árið á undan. Stofnunin hefur því þökast nokkuð upp úr þeirri lægð sem hún lenti í árið 2004. Enn vantar þó rúmt ársverk upp á að hún nái að skila álíka mörgum vinnustundum og árið 2003 þegar afköst stofnunarinnar urðu meiri en nokkru sinni fyrr.

Fjöldi vinnustunda við endurskoðun

	2003	2004	2005
Ríkisendurskoðun	76.440 (95,1%)	71.856 (95%)	73.992 (92,2%)
Aðkeypt þjónusta	3.971 (4,9%)	3.780 (5%)	3.722 (4,8%)
Samtals	80.411 (100%)	75.636 (100%)	77.714 (100%)

Hlutfall háskólamenntaðs starfsfólks Ríkisendurskoðunar hefur haldist nánast óbreytt undanfarin þrjú ár, þ.e. um og yfir 80%. Ef eingöngu er horft til þeirra sem sinna endurskoðunarstörfum er þetta hlutfall þó mun hærra eða 97,5%. Eins og fram kemur á öðrum stað í þessari skýrslu er menntun starfsfólks margvísleg. Þó er viðskiptafræðimenntað fólk í miklum meirihluta.

Hlutfall háskólamenntaðs starfsfólks

	2003	2004	2005
Allt starfsfólk	80,4%	80%	81,6%
Starfsfólk við endurskoðun	95,1%	95%	97,5%

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að starfsfólk stofnunarinnar viðhaldi og efli þekkingu sína með símenntun og er gert ráð fyrir að það verji að meðaltali 40 klst. árlega til þessa. Undanfarin ár hafa þeir tímar sem varið er til starfsþróunar og símenntunar reyndar farið vel yfir þau mörk og árið 2005 samsvöruðu þeir um 70 klst. á hvern sérfræðing miðað við tæpa 52 klst. árið 2004. Inni í þeim tímafjölda er m.a. sá námstími sem stofnunin veitir þeim starfsmönnum sem stunda meistaranám á fagsviði sínu og löggildingarnám í endurskoðun. Árið 2005 varði stofnunin alls 14,2 m.kr. til starfsþróunar, þ.e. um 4,1% af heildargjöldum stofnunarinnar að frádregnum sértekjum. Sambærileg hlutfallstala fyrir árið 2004 var 3,4%.

Ef lítið er til hlutfalls fastráðinna starfsmanna með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu sést að það hefur hækkað jafnt og þétt undanfarin ár og var 83,7% árið 2005. Jafnframt hefur meðalstarfsaldur starfsfólks hækkað örlítið og er nú 10,8 ár miðað við 10,7 ár árið 2004.

Hlutfall starfsmanna með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu

31.12.2003 72,5%	31.12.2004 78,7%	31.12.2004 83,7%
---------------------	---------------------	---------------------

Hátt hlutfall starfsmanna með langa starfsreynslu hefur vissulega bæði kosti og galla. Annars vegar má telja það jákvæða vísbendingu um stöðugleika á vinnustað, þ.e. tryggð starfsmanna við stofnun eða fyrirtæki, almenna ánægju þeirra með starfsumhverfið og starfsandann og áhuga þeirra og þekkingu á viðfangsefnum sínum. Lítil starfsmannavelta sparar auk þess verulega fjármuni, bæði vegna ráðningar og þjálfunar nýs starfsfólks og þeirrar þekkingar sem glatast þegar reyndir starfsmenn láta af störfum. Stundum er talið að beinn og óbeinn kostnaður við að missa starfsmann og ráða nýjan í hans stað svari til um það bil einna árslauna.

Of lítil starfsmannavelta er engu að síður varhugaverð þar sem hún kemur í veg fyrir eðlilega og nauðsynlega endurnýjun starfsmanna og vari hún lengi kann hún að valda skyndilegum umskiptum. Eins og nefnt hefur verið var starfsmannavelta 10,2% árið 2005. Þetta er fremur hátt hlutfall miðað við undanfarin ár, þegar hún hefur verið lítil sem engin, en í takt við almennt ástand á íslenskum vinnumarkaði. Hún verður því ekki talin óeðlilega mikil.

Samkvæmt úrtakskönnun Kjararannsóknarnefndar var starfsfólk á almennum vinnumarkaði að jafnaði frá vinnu vegna veikinda og slysa 8 daga á ári á tímabilinu 2000–2004. Vísbendingar eru þó um að slíkar fjarvistir fari heldur vaxandi. Að nokkru leyti hafa þær verið raktar til vinnuumhverfisins þar sem miklar kröfur eru gerðar til starfsfólks og vinnuframlag þess hefur mikil áhrif á starfsframa. Við slík skilyrði eykst bæði hætta á andlegum og líkamlegum veikindum. Þá sýna kannanir að meira er um veikindafjarvistir meðal opinberra starfsmanna en þeirra sem starfa í einkageiranum og meiri meðal almennra starfsmanna en yfirmanna.

Á undanförunum árum hefur starfsfólk Ríkisendurskoðunar verið að meðaltali frá vinnu vegna eigin veikinda og veikinda barna í tæpa 6 daga á ári. Á árinu 2004 voru veikindadagar reyndar óvenju margir eða að meðaltali 6,9 og má m.a. rekja það til langvinnra veikinda nokkurra starfsmanna. Árið 2005 fækkaði slíkum fjarvistum í 5,5 daga að jafnaði sem er vel undir meðaltali síðustu ára. Sem hlutfall samanlagðra vinnustunda fækkaði veikindafjarvistum einnig úr 3,1% árið 2004 í 2,4% árið 2005.

Fjöldi veikindadaga á starfsmann

	2003	2004	2005
Eigin veikindi	4,0	5,0	4,4
Veikindi barna	1,7	1,9	1,1
Samtals	5,7	6,9	5,5

Fjármál

RÍKISENDURSKOÐUN stefnir að því að rekstur stofnunarinnar sé innan fjárheimilda og að störf séu unnin á hagkvæman hátt.

Á árinu 2005 skilaði Ríkisendurskoðun 18 m.kr. rekstrarafgangi miðað við 16,5 m.kr. rekstrarafgang árið 2004. Stofnunin hefur þar með styrkt stöðu sína en frekar frá árunum 2002–2003 þegar halli varð á rekstrinum.

Uppsafnaðar fjárheimildir í m.kr.			
Ár	Staða í ársbyrjun	Afgangur (halli)	Staða í árslok
2003	28,0	-43,0	-15,0
2004	-15,0	-16,5	1,5
2005	1,5	18,0	19,5

Til að meta hagkvæmni í rekstri hefur Ríkisendurskoðun tekið saman upplýsingar um þann meðalkostnað sem hlýst annars vegar af þjónustu starfsmanna stofnunarinnar og hins vegar af aðkeyptri þjónustu endurskoðunarstofa. Samantektin nær yfir þrjú ár og tekur eingöngu til fjárhagsendurskoðunar þar sem aðkeypt þjónusta stofnunarinnar er að stærstum hluta á því sviði. Niðurstöðurnar benda ótvírætt til þess að kostnaður við starfseminna sé vel innan eðlilegra hagkvæmnismarka.

Meðalkostnaður á klst. við fjárhagsendurskoðun án vsk.			
Ár	Aðkeypt þjónusta	Ríkisendurskoðun	Munur (%)
2003	7.037	5.015	2.022 kr. (40,3%)
2004	7.313	5.104	2.209 kr. (43,3%)
2005	7.789	5.646	2.143 kr. (39,0%)

Sama niðurstaða kom í ljós þegar kannaður var meðalkostnaður allra starfsmanna norrænu ríkisendurskoðunarstofnananna á klukkustund árið 2004. Einungis færeyska stofnunin reyndist ódýrari en Ríkisendurskoðun, sú norska var álíka dýr en aðrar stofnanir talsvert dýrari.

Starfsfólk 31. desember 2005

Ríkisendurskoðandi

Sigurður Þórðarson *löggiltur endurskoðandi*

Skrifstofa ríkisendurskoðanda

Brynja Baldursdóttir *deildarfulltrúi*

Jón L. Björnsson *skrifstofustjóri, viðskiptafræðingur*

Þorvaldur Ingi Jónsson *viðskiptafræðingur, MS stjórnun og stefnumótun*

Þórir Óskarsson *íslenskufræðingur*

Endurskoðunarvið I—III

Sveinn Arason *skrifstofustjóri, löggiltur endurskoðandi*

Sigurjón I. Haraldsson *skrifstofustjóri, viðskiptafræðingur*

Ingi K. Magnússon *skrifstofustjóri, viðskiptafræðingur, CIA*

Auður Guðjónsdóttir *viðskiptafræðingur*

Álfheiður Dögg Gunnarsdóttir *viðskiptafræðingur*

Árni Sigurðsson *viðskiptafræðingur*

Brynja Pétursdóttir *löggiltur endurskoðandi*

Einar Þorgilsson *viðskiptafræðingur*

Elísa Kristmannsdóttir *viðskiptafræðingur*

Grétar Bjarni Guðjónsson *BBA, MBA*

Guðbrandur R. Leósson *viðskiptafræðingur*

Helgi Guðmundsson *hagfræðingur*

Hilmar Þórisson *viðskiptafræðingur*

Hrafnhildur Óskarsdóttir *viðskiptafræðingur*

Ingibjörg Júlía Þorbergsdóttir *viðskiptafræðingur*

Íris Þ. Ólafsdóttir *löggiltur endurskoðandi*

Kristbjörg H. Sigtryggsdóttir *viðskiptafræðingur*

Kristjana Ólöf Sigurðardóttir *löggiltur endurskoðandi*

Margrét Ólafsdóttir *deildarsérfræðingur*

Ólafur E. Sigurðsson *viðskiptafræðingur*

Óskar Sverrisson *löggiltur endurskoðandi*

Sigurgeir Bóasson *löggiltur endurskoðandi*

Stefanía S. Bjarnadóttir *viðskiptafræðingur*

Sveinbjörn Óskarsson *viðskiptafræðingur*

Telma Herbertsdóttir *viðskiptafræðingur*

Viðar H. Jónsson *viðskiptafræðingur*

Stjórnsýsluvið

Óli Jón Jónsson *skrifstofustjóri, MEP,*

stjórn málafræðingur

Guðni Geir Jónsson *viðskiptafræðingur,*

MBA

Margrét E. Arnórsdóttir *viðskiptafræðingur*

Ólafur Gunnarsson *viðskiptafræðingur,*

M.Sc.

Soffía Waag Árnadóttir *MPA stjórnsýslufræðingur*

Steinunn Halldórsdóttir *EMPA stjórnsýslufræðingur*

Laga- og umhverfissvið

Lárus Ögmundsson *skrifstofustjóri, lögfræðingur*

Ketill Sigurjónsson *lögfræðingur*

Linda Sigurðardóttir *fulltrúi*

Endurskoðun upplýsingakerfa

Albert Ólafsson *skrifstofustjóri, viðskiptafræðingur, CISA*

Egill Egilsson *B.Sc. tölvunarfræði*

Geir Gunnlaugsson *viðskiptafræðingur*

Skrifstofu- og þjónustusvið

Eybór Borgþórsson *starfsmannastjóri*

Ásdís Hauksdóttir *fulltrúi*

Elín Ingadóttir *skjalavörður*

Hólmfríður Kristinsdóttir *matráðskona*

María Bjargmundsdóttir *ritari*

Sigurður Þorvaldsson *sendill, matráðsmaður*

Opinberar skýrslur árið 2005

Skýrslur

1. Háskóli Íslands. Stjórnsýsluúttekt (apríl)
2. Hæfi Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra og fv. utanríkisráðherra, til þess að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins (júní)
3. Greinargerð um framkvæmd fjárlaga árið 2004 (júní)
4. Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi. Stjórnsýsluúttekt (ágúst)
5. Úttekt á kaupum á sérfræðiþjónustu (október)
6. Þjónusta við aldraða. Stjórnsýsluúttekt (nóvember)
7. Endurskoðun ríkisreiknings 2004 (nóvember)
8. Íbúðalánasjóður. Um aðdraganda og gerð lánasamninga sjóðsins við fjármálastofnanir vegna áhættustýringar (nóvember)
9. Landspítali – háskólasjúkrahús. Árangur 1999–2004 (desember)

Önnur rit

1. Ársskýrsla 2004 (mars)
2. Annual Report 2004 (maí)



Ársreikningur 2005

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis og starfar samkvæmt lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk hennar er að annast endurskoðun hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum og öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá skal stofnunin annast endurskoðun hjá fyrirtækjum sem rekin eru á ábyrgð ríkisins og fyrirtækjum sem ríkissjóður á að hálfu eða meira. Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og getur framkvæmt stjórnsluendurskoðun hjá þeim aðilum sem henni ber lögum samkvæmt að endurskoða

Á árinu 2005 varð 18.057 þús. kr. tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 24.683 þús. kr., skuldir 5.500 þús. kr. og eigið fé nam 19.183 þús. kr. í árslok 2005.

Ríkisendurskoðandi og skrifstofustjóri staðfesta ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. febrúar 2006.



Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.



Sveinn Arason,
skrifstofustjóri.

Áritun endurskoðanda

Til forsætisnefndar Alþingis

Ég hef endurskoðað ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álitum sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárákvalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Reykjavík, 15. febrúar 2005.



Gunnar Sigurðsson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2005

Tekjur	Skýr.	2005	2004
Seld þjónusta		32.425.336	35.692.681
Aðrar tekjur		1.273.950	973.256
	1	33.699.286	36.665.937
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	291.686.070	259.299.335
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	11.550.501	9.766.345
Funda- og ferðakostnaður	4	9.927.698	10.964.285
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	5	35.049.455	35.679.277
Rekstur tækja og áhalda	6	1.782.198	2.022.431
Annar rekstrarkostnaður	7	2.590.617	2.348.027
Húsnæðiskostnaður	8	19.299.275	18.110.640
Bifreiðarekstur	9	594.667	275.734
Tilfærslur	10	550.000	550.000
		373.030.481	339.016.074
Eignakaup	11	2.611.564	0
		375.642.045	339.016.074
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(341.942.759)	(302.350.137)
Ríkisframlag		360.000.000	318.800.000
Tekjuafgangur ársins		18.057.241	16.449.863

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

	Skýr.	2005	2004
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	12	18.227.856	3.241.365
Viðskiptakröfur		6.053.665	5.878.963
Fyrirframgreiðslur		184.080	0
Handbært fé		217.479	232.672
		<u>24.683.080</u>	<u>9.353.000</u>
Eignir alls		<u>24.683.080</u>	<u>9.353.000</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun		1.125.997	(15.323.866)
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins		18.057.241	16.449.863
Höfuðstóll	13	<u>19.183.238</u>	<u>1.125.997</u>
Eigið fé		<u>19.183.238</u>	<u>1.125.997</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		5.499.842	8.227.003
Skuldir		<u>5.499.842</u>	<u>8.227.003</u>
Eigið fé og skuldir		<u>24.683.080</u>	<u>9.353.000</u>

Sjóðstreymi árið 2005

	Skýr.	2005	2004
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur.....		18.057.241	16.449.863
<i>Veltufé frá rekstri</i>		<u>18.057.241</u>	<u>16.449.863</u>
 <i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....	(358.782)	6.772.404
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....	(2.727.161)	2.729.671
	(3.085.943)	9.502.075
 Handbært fé frá rekstri		14.971.298	25.951.938
 Fjármögnunarhreyfingar			
 <i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	(360.000.000)	(318.800.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		345.013.509	292.848.982
Fjármögnunarhreyfingar	(14.986.491)	(25.951.018)
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	(15.193)	920
 Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>232.672</u>	<u>231.752</u>
 Handbært fé í lok ársins		<u>217.479</u>	<u>232.672</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Ríkisendurskoðunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatta.

Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni.

Starfsþáttgreining

Í skýringum er rekstri stofnunarinnar skipt í viðfangsefni sem falla að skipulagi hennar.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Stofnunin heldur engan sjóð en á innstæðu á bankareikningi.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrirverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Skýringar

Bókhald og fjárvarsla

Fjárskýsla ríkisins hefur verið falið að annast launavinnslu, bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárlög fyrir árið 2005 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og árið á undan. Launaliður í fjárveitingunni var hækkaður til að fella hann betur að rekstri stofnunarinnar. Fjárveitingar á fjárlögum til Ríkisendurskoðunar námu samtals 348.000 þús. kr. Uppfærsla launa vegna kjarasamninga nam 12.000 þús. kr. á árinu 2005. Í heild námu fjárheimildir ársins 2005 því 360.000 þús. kr.

Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu samtals 341.943 þús. kr. og urðu því 18.057 þús. kr. innan fjárheimilda ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(9.100)	(9.100)	(33.700)	24.600
Laun og launatengd gjöld	260.500	272.500	291.686	(19.186)
Önnur rekstrargjöld	92.600	92.600	80.795	11.805
Tilfærslur	0	0	550	(550)
	<u>344.000</u>	<u>356.000</u>	<u>339.331</u>	<u>16.669</u>
Stofnkostnaður	4.000	4.000	2.612	1.388
	<u>348.000</u>	<u>360.000</u>	<u>341.943</u>	<u>18.057</u>

Sundurliðun eftir viðfangsefnum í þús. kr.:

	2005	2004
Sértekjur	(33.699)	(36.666)
101 Ríkisendurskoðun	373.030	339.016
601 Stofnkostnaður	2.612	0
	<u>341.943</u>	<u>302.350</u>

Starfspáttagreining

Rekstrarreikningur sundurliðaður eftir sviðum:

Yfirstjórn	22.226	25.579
Endurskoðunarsvið	192.856	176.300
Stjórnsýslusvið	101.557	79.427
Lögfræði- og umhverfissvið	25.304	21.044
	<u>341.943</u>	<u>302.350</u>

Skýringar

Sundurliðanir

1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar felast að mestu í seldri endurskoðunarþjónustu til ríkisfyrirtækja. Nokkur lækkun varð á seldri þjónustu og má rekja hana til sölu á Landssíma Íslands hf. en stofnunin annaðist endurskoðun hjá félaginu.

	2005	2004
Seld sérfræðiþjónusta	32.425.336	35.692.681
Endurgreiddur ferðakostnaður	512.032	973.256
Aðrar tekjur	761.918	0
	<u>33.699.286</u>	<u>36.665.937</u>

2. Laun og launatengd gjöld

Laun- og launatengd gjöld hækka milli ára um 12,5%. Í árslok 2005 var fjöldi starfsmanna Ríkisendurskoðunar 49, þ.e. óbreyttur frá fyrra ári. Ársverk fastráðinna starfsmanna á árinu 2005 voru rúm 47 og jukust um eitt frá fyrra ári. Á árinu 2005 var gerður nýr kjarasamningur við Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar. Samkvæmt kjarasamningnum hækkuðu laun að meðaltali um 4% frá febrúar að telja. Þá gekk til baka tímabundin lækkun á föstum einingum starfsmanna sem ásamt eingreiðslu skv. kjarasamningi er metið til um 6,5% hækkun launagjalda. Áfallið orlof er ekki reiknað eða fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna	184.748.491	174.402.757
Yfirvinna	2.475.796	1.494.812
Aukagreiðslur	53.773.305	37.556.849
Önnur laun og starfstengdar greiðslur	1.379.000	1.433.900
Launatengd gjöld	49.309.478	44.411.017
	<u>291.686.070</u>	<u>259.299.335</u>

3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Undir þennan lið fellur kostnaður sem tengdur er skrifstofuhaldi stofnunarinnar. Útgáfukostnaður lækkar annað árið í röð og sama á við um bókakaup. Hækkun á afnotagjöldum má rekja til kaupa á notendaleyfum á hugbúnaði. Á árinu voru auk jólagjafa til starfsmanna keyptar gjafir vegna heimsóknar erlendra gesta.

Tímarit, blöð og bækur	1.294.964	1.373.859
Auglýsingar og kynningar	209.703	119.926
Símagjöld	2.070.870	1.872.731
Burðargjöld	311.719	234.996
Útgáfustarfsemi	2.450.433	3.289.877
Afnotagjöld	3.333.628	1.335.225
Skrifstofuvörur	1.276.468	1.267.510
Gjafir	602.716	272.221
	<u>11.550.501</u>	<u>9.766.345</u>

Skýringar

4. Funda- og ferðakostnaður

Á árinu 2005 varð um 1.037 þús. kr. lækkun á þessum kostnaðarlið. Ástæður þessa má að mestu rekja til 2.968 þús. lægri kostnaðar vegna fækkunar ferða til útlanda. Á móti kemur 856 þús. kr. aukinn kostnaður vegna námskeiðshalds og um 1.100 þús. kr. aukinn kostnaður vegna heimsóknna og ferða með erlenda gesti stofnunarinnar.

	2005	2004
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	481.750	446.892
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	2.975.648	5.943.652
Funda- og ráðstefnugjöld	59.548	305.832
Námskeiðsgjöld	1.834.091	977.715
Félagsgjöld	495.244	401.742
Risna	2.159.557	1.420.284
Akstur	1.921.860	1.468.168
	<u>9.927.698</u>	<u>10.964.285</u>

5. Aðkeypt sérfræðipjónusta

Á árinu 2005 voru í gildi samningar við 11 endurskoðunarstofur um endurskoðun hjá 45 A-hluta ríkisstofnunum. Kostnaðurinn á árinu varð um 30.000 þús. kr.

Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	1.967.966	1.837.406
Önnur sérfræðipjónusta	135.925	107.942
Sérfræðipjónusta	32.945.564	33.733.929
	<u>35.049.455</u>	<u>35.679.277</u>

6. Rekstur tækja og áhalda

Undir þennan lið fellur rekstur á ljósritunarvélum, tölvum og öðrum skrifstofubúnaði.

Smátæki og áhöld	770.259	896.643
Viðgerðir og viðhald	771.509	918.058
Varahlutir og viðhaldsvörur	170.550	162.730
Leigugjöld tækja og áhalda	40.000	45.000
Uppsetning á netbúnaði	29.880	0
	<u>1.782.198</u>	<u>2.022.431</u>

Skýringar

7. Annar rekstrarkostnaður

Þessi liður tekur yfir ýmsan rekstrarkostnað. Aukningu milli ára má að mestu rekja til hækkunar á keyptum máltíðum vegna fleiri gesta sem borðuðu í mötuneyti stofnunarinnar.

	2005	2004
Máltíðir	1.793.289	1.601.149
Rekstrarvörur	330.379	316.362
Ýmis þjónustugjöld	89.315	126.477
Opinber gjöld og tryggingar	377.634	304.039
	<u>2.590.617</u>	<u>2.348.027</u>

8. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Skúlagötu 57 og hefur allt húsið fyrir starfsemi sína. Húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin. Frá október var ræsting húsnæðis keypt af verktaka en var áður unnin af starfsmanni stofnunarinnar.

Leigugjöld	16.891.860	15.954.960
Orka	1.139.348	1.246.158
Viðhald fasteigna	10.963	6.409
Búnaður til innréttinga	2.000	123.370
Þrif og sorphirða	965.569	530.759
Annar húsnæðiskostnaður	234.180	248.984
Öryggisgæsla	55.355	0
	<u>19.299.275</u>	<u>18.110.640</u>

9. Bifreiðakostnaður

Stofnunin á eina bifreið af gerðinni Nissan Terrano II árgerð 1998. Bifreiðin þurfti að fara í umtalsverða viðgerð á árinu.

Bensín og olía	86.703	52.032
Opinber gjöld og tryggingar	173.352	156.181
Viðgerðir og viðhald	334.612	67.521
	<u>594.667</u>	<u>275.734</u>

10. Tilfærslur

Árlega greiðir stofnunin framlag til starfsmannafélags stofnunarinnar í samræmi við ákvæði kjarasamninga og samkomulags félagsins við stofnunina.

Tilfærslur til starfsmannafélagsins	550.000	550.000
---	---------	---------

Skýringar

11. Eignakaup

Eignakaup stofnunarinnar á árinu 2005 voru að stærstum hluta endurnýjun á tölvum og tölvubúnaði. Engin eignakaup voru á árinu 2004 vegna sparnaðaraðgerða.

	2005	2004
Tölvubúnaður	2.457.175	0
Húsgögn	92.673	0
Önnur tæki og búnaður	61.716	0
	<u>2.611.564</u>	<u>0</u>

Annað

12. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2005 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 18.228 þús. kr. og hafði batnað um 14.986 þús. kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2005	3.241.365
Ríkisframlag	360.000.000
Greiðslur	(367.662.034)
Millifærslur	<u>22.648.525</u>
Staða 31. desember 2005	<u>18.227.856</u>

13. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluáðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2005 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ónotaða fjárheimild að fjárhæð 19.183 þús. kr. og hafði staðan batnað um 18.057 þús. kr. frá árinu á undan.

Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2005	1.125.997
Ríkisframlag	360.000.000
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	<u>(341.942.759)</u>
Höfuðstóll 31. desember 2005	<u>19.183.238</u>

Skýringar

Kennitölur

Verkefnavísar

	2005	2004	2003	2002	2001
Áritaðir ársreikningar	344	357	370	328	248
Endurskoðunarbréf	238	259	274	269	122
Stjórnsýsluúttektir	8	10	9	7	10
Aðrar skýrslur	11	15	16	8	7
Rit	0	0	2	1	1

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2005	2004	2003	2002	2001
Rekstur					
Rekstrartekjur	33.699	36.666	39.638	40.149	30.336
Rekstrargjöld	(373.030)	(339.016)	(343.897)	(293.021)	(275.033)
Stofnkostnaður	(2.612)	0	(23.095)	(11.756)	(4.775)
Tekjuafgangur	(341.943)	(302.350)	(327.354)	(264.628)	(249.472)
Ríkisframlag	360.000	318.800	284.400	245.500	270.200
Tekjuafgangur ársins	<u>18.057</u>	<u>16.450</u>	<u>(42.954)</u>	<u>(19.128)</u>	<u>20.728</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir	24.683	3.474	12.883	33.097	53.441
Eignir alls	<u>24.683</u>	<u>3.474</u>	<u>12.883</u>	<u>33.097</u>	<u>53.441</u>
Höfuðstóll	19.183	1.126	(15.324)	27.631	46.759
Skammtímaskuldir	5.500	0	28.207	5.466	6.682
Eigið fé og skuldir alls	<u>24.683</u>	<u>1.126</u>	<u>12.883</u>	<u>33.097</u>	<u>53.441</u>



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, Pósthólf 5350, 125 Reykjavík
Sími: 561 4121; Bréfasími: 562 4546
Netfang: postur@rikisend.is
Heimasíða: www.rikisendurskodun.is